

Miðvikudaginn 27. maí 1936.

Nr. 107/1935. Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur og borgarstjórnin í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Stefáni Thorarensen (Th. B. Lindal).

Mál um skyldu niðurjöfnunarnefndar til að svara spurningum viðvikjandi útsvarsálagningu.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 28. ágúst 1935: Stefnendur niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur þeir: Halldór Sigfússon, Sigurbjörn Þorkelsson, Ingimar Jónsson, Gunnar Viðar og Jón Guðjónsson, skal að viðlögðum 10 króna dagsektum skýra stefnandanum, Stefáni Thorarensen, frá því á hvaða eignir og hve háar útsvar hans fyrir árið 1934 var lagt og við hve háar tekjur útsvarið var miðað.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar, með stefnu dags. 30. sept. 1935 og krafizt þess, að dómi undirréttarins verði hrundið og breytt á þá leið, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnds og stefndur dæmdur til að greiða þeim hæfilegan málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti, eftir mati hæstaréttar.

Stefndur hefir krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, að skaðlausu.

Af málflutningnum hér fyrir réttinum og af öðru, sem fram er komið í málinu má ráða, að spurningar þær, sem krafist er að niðurjöfnunarnefnd

Reykjavíkur svári, eru um atriði, sem snerta ákvörðun ríkisskattanevndar um útsvar stefnds umrætt ár. Hvað sem líður skyldu eða getu niðurjöfnunarnevndar til að svara slíkum spurningum yfirleitt, þykir nefndin eigi verða dæmd til að svara spurningum þeim, sem um ræðir í málinu, þegar af þeirri ástæðu, að þær snerta starfsemi ríkisskattanevndar.

Þykir því verða að sýkna áfrýjendur af kröfum stefnds í málinu og dæma hann til að greiða áfrýjendum málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, niðurjöfnunarnevnd Reykjavíkur og borgarstjórnin í Reykjavík f. h. bæjar-sjóðs, eiga að vera sýknir af kröfum stefnds í málinu. Stefndur greiði áfrýjendum málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti, með kr. 300.00.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni 19. febrúar s. l. af Stefáni Thorarensen, lyfsala hér í bæ gegn niðurjöfnunarnevnd Reykjavíkur þeim: Halldóri Sigfússyni, skattstjóra, Sigurbirni Þorkelssyni, kaupm., Ingimar Jónssyni, skólustjóra, Gunnari Viðar, hagfræðing og Jóni Guðjónssyni, bókara, öllum hér í bænnum til þess að fá nefndina skyldaða til með dómi að gefa honum upplýsingar út af útsvari, sem á hann var lagt árið 1934.

Hefir stefnandi gert þær réttarkröfur að hin stefnda

niðurjöfnunarnefnd verði dæmd til þess að viðlögðum 100 króna dagsektum að skýra honum frá:

1. Á hvaða eignir og hve háar útsvarið er lagt (eignaútsvarið) og hve hátt það er.

2. Við hve háar tekjur útsvarið er miðað og hve hátt teknaútsvarið er.

3. Hve mikill hluti útsvarsins er „rekstursútsvar“ og við hve mikla veltu er miðað.

4. Hvaða ástæður liggja til þess að bregða út af hinum birtu almennu reglum um útsvarsálagningu ef það hefir verið gert.

Þá hefir stefnandi stefnt borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs til málskostnaðargreiðslu í máli þessu að skaðlausu.

Framangreindar kröfur sínar á hendur niðurjöfnunarnefnd reisir stefnandi á því, að hún hafi við niðurjöfnun útsvara hér í bænum á fyrra ári lagt á sig 11000 króna útsvar til bæjarsjóðs, en eftir framtali sínu og samkvæmt reglum þeim, sem nefndin hafi sett sér um álagningu útsvara hér í bænum og birtar hafa verið hefði útsvarið aðeins átt að nema kr. 5780.00. Telur stefnandi, að hann hafi því fulla ástæðu til að ætla að útsvar þetta sé ekki löglega á lagt, það er að segja, að útsvarsálagningin sé miðuð við hærri útsvarsstofn (eignir og tekjur) en rétt sé, eða teknar til greina við hana aðstæður, sem ekki séu réttmætar. Jafnframt heldur stefnandi því fram, að hann eigi heimtingu á því, að niðurjöfnunarnefndin gefi honum upplýsingar um hvernig útsvarsálagningin á hann hafi verið framkvæmd eða með öðrum orðum hvaða útsvarsstofnar og ástæður hafi verið lagðar til grundvallar við hana. Kveður stefnandi að lögtaksmál út af útsvarinu sé á döfinni fyrir fógetarétti Reykjavíkur. Sé sér því nauðsynlegt að fá upplýsingar um framangreind atriði til þess að leggja þær fram í lögtaksmálinu „svo að fógetarétturinn geti úr því skorið hvort umrætt útsvar sé löglega lagt á eða ekki“, en með hæstaréttardómi uppkveðnum 23. nóv. 1933, sé því slegið föstu, að dómstólar eigi úrskurðarvald um það hvort lagt sé á réttan útsvarsstofn, enda þótt þeir geti ekki úrskurðað um útsvarsupphæð. Umræddar upplýsingar hafi niðurjöfnunarnefndin ekki fengizt til þess að gefa og sé því mál þetta höfðað.

Stefnd, niðurjöfnunarnefnd og borgarstjóri Reykjavíkur, hafa bæði mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim. Jafnframt hafa þau hvort um sig krafizt málskostnaðar sér til handa.

Sýknukröfuna byggir niðurjöfnunarnefnd á því, að útsvarsstiginn, sem hún hefir hér í Reykjavík birt almenníngi, sé og geti ekki skoðast annað en reglur, sem hún hafi sett sér til hliðsjónar við útsvarsálagninguna almennt, reglur, sem hún sé á engan hátt skilyrðislaust bundin við eins og t. d. skattstjóri sé bundinn við skattstigann í lögum um tekju og eignaskatt. Niðurjöfnunarnefndum sé við útsvarsálagningu rétt og jafnvel skylt, að taka til greina annað og meira en skattskyldar eignir gjaldþegns og tekjur. Samkvæmt útsvarslögunum og margra ára venju sé valdsvið niðurjöfnunarnefndar mjög viðtækt. Undir það heyri að meta hvern einstakan gjaldþegn til útsvarsálagningar meðal annars eftir ýmsum atvikum, sem ef til vill komi ekki fram á skattskýrslu hans. Ef út af þessu verði brugðið þurfi til þess gagngerða breytingu á útsvarslögunum. Telur stefnd að það sé þannig ekki eins og nú horfir við á valdi dómstólanna að breyta eðli útsvara sem gjaldstofns, og heldur því jafnframt fram að ef niðurjöfnunarnefndir yrðu skyldaðar til þess að skýra frá öllum ástæðum fyrir hverju einstöku útsvari og það síðan dæmt ólöglegt að öllu eða einhverju leyti, af þeim ástæðum, að dómstólarnir vildu ekki fallast á mat skattyfirvaldanna á gjaldþoli greiðandans, þá væru útsvarslögin að mestu leyti fallin um sjálf sig og jafnframt störf þau, sem niðurjöfnunarnefndir hafi haft með höndum samkvæmt þeim.

Valdsvið niðurjöfnunarnefnda er eins og stefnd heldur fram mjög viðtækt samkvæmt útsvarslögunum. Í byrjun 4. gr. laganna er svo ákveðið, að útsvar skuli leggja á eftir efnunum og ástæðum, en í 1.—3. tölulið greinarinnar er tekið fram hvað til greina skuli taka við útsvarsálagninguna án þess þó að upptalningin á því sé tæmandi. Hafa því niðurjöfnunarnefndir mjög óbundnar hendur við álagningu útsvars. Samkvæmt nefndri lagagrein er aðalútsvarsstofninn eignir gjaldþegns og tekjur, og rétturinn lítur svo á, að eftir hlutarins eðli eigi gjaldþegn heimtingu á að fá vitneskju um það hjá niðurjöfnunarnefnd hvort útsvar hans hefir verið lagt á réttan útsvarsstofn, það er að segja

við hvaða eignir og tekjur og hve háar útsvar hans er miðað. Eftir því sem fram hefir komið hefir stefnandi ekki fengið upplýsingar um þessi atriði, heldur verið neitað um þær hjá stefndri niðurjöfnunarnefnd og ber því að skylda hana til að svara fyrri hluta 1. og 2. spurningarinnar hér að framan. Hinsvegar ber að sýkna stefnda að öðru leyti af kröfum stefnanda í málinu. Eftir útsvarslögunum er niðurjöfnunarnefndum í sjálfsvald sett hvernig þær leggja á útsvarsstofn hvers gjaldþegns. Og þó að niðurjöfnunarnefndin hér í bænum hafi sett sér og birt fyrir almenningi reglur, sem hún notar til hliðsjónar við útsvarsálagningu almennt hér í bænum, þá verður að fallast á það hjá henni, að hún sé ekki bundin við þær reglur við álagningu á hvern einstakan gjaldþegn, heldur geti breytt út af þeim eftir eigin geðþótta til hækkunar eða lækkunar, en um þær aðgerðir hennar eigi dómstólarnir ekki úrskurðarvald. Þá telur rétturinn og, að niðurjöfnunarnefndir og skattayfirvöld sé einráð um það hvaða ástæður (auk útsvarsstofns) eru teknar til greina við ákvörðun útsvars á hvern einstakan gjaldþegn svo og um það að meta ástæðurnar til hækkunar eða lækkunar á útsvari í hvert einstakt skipti. Verður stefnd því ekki skylduð til að gefa stefnanda frekari upplýsingar en að framan er sagt. Úrslit málsins verða þá samkvæmt framansögðu þau, að stefnd niðurjöfnunarnefnd verður að viðlögðum dagsektum, er þykja hæfilega ákveðnar 10 krónur, dæmd til þess að skýra stefnanda frá því á hvaða eignir og hve háar útsvar hans fyrir árið 1934 var lagt og við hve háar tekjur útsvarið var miðað.

Eftir atvikum og öllum málavöxtum þykir rétt að málskostnaður í málinu falli niður.

Vegna embættisanna hefir dómur eigi orðið kveðin upp í máli þessu fyrr en nú.